

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 25. apríl kl. 13:00 var haldinn 318. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson í fjarveru Brynhildar Davíðsdóttur, Björn Gíslason í fjarveru Hildar Björnsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 317 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra og gerðu grein fyrir stöðu fjármála. Umræður.
Áhættuskýrsla, dags. 19. 4. 2022, lögð fram.
3. Klukkan 13:30 mættu til fundarins Magnús Már Einarsson, forstöðumaður aðbúnaðar og Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri og gerðu grein fyrir framkvæmdum að Bæjarhálsi 1. Umræður.
4. Klukkan 14:00 mættu til fundarins Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra Orku náttúrunnar, ásamt Ingva Gunnarssyni og Völu Hjörleifsdóttur, forstöðufólk hjá Rannsóknnum og nýsköpun og greindu frá nýtingu orkukosta og auðlinda OR samstæðu, sem svar við fyrirspurn frá Eyþóri Laxdal Arnalds frá SF 316. Einnig lögð fram ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram í borgarráði þann 5. apríl 2022 og vísað til meðferðar stjórnar OR, um könnun á virkjanamöguleikum á starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður. Stjórn óskar áframhaldandi skoðunar á fyrirliggjandi orkukostum. Allir möguleikar verði skoðaðir til hlítar.
5. Lagðar fram til rýni, gæðastefna og persónuverndarstefna. Lagt er til að stefnurnar verði óbreyttar. Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.
6. Klukkan 14:50 mættu til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri og kynnti lykilverkefnið „Áhrif loftslagabreytinga á starfsemi samstæður OR“. Umræður. Ákveðið að fá kynningu fyrir stjórn einu sinni á ári.
7. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 25. 04. 2022.
8. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ehf., dags. 25.04.2022.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ehf. 20.04.2022.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 20.04.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf., dags. 13.04.2022.

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 22. 4. 2022. Umræður.

10. Önnur mál.

- Lagt fram svar við fyrirspurn Valgarðs Lyngdal Jónssonar frá síðasta fundi.
- Lagt fram svar innkaupadeildar, dags. 13. 04. 2022 til D. Ing-Verk ehf., vegna innkaupa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl.15:45

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. maí 2022.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Páll Gestsson, Björn Gíslason,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Páll Gestsson

Björn Gíslason